



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 24. febrúar 2017

Mál: Umsögn um frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, 128. mál.

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og SVP – Samtök verslunar og þjónustu skila sameiginlegri umsögn um þann hluta frumvarpsins er varðar farmflutninga á landi.

Samtökin telja nauðsynlegt að þess sé gætt við innleiðingu reglugerða og tilskipana ESB að leggja ekki frekari kröfur á íslensk fyrirtæki en felast í viðkomandi gerðum án þess að því fylgi ítarlegur og greinargóður rökstuðningur ásamt því að meta áhrif hinna auknu krafna. Gott er að skilgreindar séu í greinargerð þær lágmarkskröfur sem í gerðinni felast og þær séu útgangspunktur fyrir frekari umfjöllun. Gerð verði grein fyrir því a) ef reglubyrði er þyngd frá grunnkröfum, b) ef ætlunin er að innlend ákvæði hafi víðara gildissvið en gerðin, c) ef ekki eru nýtt undanþáguákvæði viðkomandi gerðar, d) ef ætlunin er að halda í lagaákvæði sem fyrir eru og eru meira íþyngjandi en gert er ráð fyrir í viðkomandi, e) ef ætlunin er að innlend ákvæði ná út fyrir gildissvið gerðarinnar og f) ef ætlunin er að viðurlög og eftirlit séu meira íþyngjandi en lágmarkskröfur gerðarinnar.

Í 6. lið aðfararorða reglugerðar ESB nr. 1071/2009 segir svo (feitletrun samtakanna):

“Sameiginlegar reglur um að mega starfa sem flutningsaðili á vegum skulu, í þágu sanngjarnrar samkeppni, gilda með eins víðtækum hætti og unnt er um öll fyrirtæki. Á hinn bóginn er ekki nauðsynlegt að fella undir gildissvið þessarar reglugerðar fyrirtæki sem stunda flutninga sem hafa óveruleg áhrif á flutningsmarkaðinn.”

Í reglugerð ESB hljóðar 1. gr. 5. liður þannig:

„5. Aðildarríki geta veitt flutningsaðilum á vegum, sem stunda eingöngu flutninga innanlands, undanþágu frá öllum eða sumum ákvæðum þessarar reglugerðar enda hafi þessir flutningar hverfandi áhrif á flutningsmarkaðinn:

- a) vegna eðlis varanna sem fluttar eru eða*
- b) vegna þess hversu stutta vegalengd er um að ræða.”*

Samandregið segir þetta að íslensk stjórnöld geti innleitt reglugerð ESB án þess að leyfisbinda allar farmflutninga í landinu þar sem flutningarnir hafa hverfandi áhrif á flutningamarkað í Evrópu auk þess sem allar vegalengdir eru stuttar.

Samtökin skora því á Alþingi að fella úr frumvarpinu öll ákvæði sem tengjast leyfisveitingu til farmflutninga innanlands, eftirlit með þeim og viðurlög.

Einu ákvæðin sem þurfa að gilda um farmflutninga eru þau sem ná til flutninga milli landa og er þau að finna í 10. gr. frumvarpsins.

Þess er ekki getið í greinargerð með frumvarpinu að innanríkisráðuneytið kynnti í september 2014 drög að frumvarpi sem sérstaklega skyldi taka til farmflutninga á vegum og að samtökin skiluðu umsögn um þau og eru efnisatriði þeirrar umsagnar þau sömu og í þessari umsögn felast.

Samtökin telja að gildandi lög um hæfi ökumanna og reglur um ökuréttindi og aukin ökuréttindi ásamt reglum um ástand bifreiða og vinnuvéla og meðferð farms nægi fyllilega til að tryggja öryggi og hagsmuni almennings og annarra. Ávinningurinn af viðbótarlöggjöf og eftirliti sem ætlunin er að koma á með frumvarpinu er minni en enginn en kostnaður töluverður og umstang mikið. Bent er á að skattyfirvöld hafa almennt eftirlit með fyrirtækjum og einstaklingum og rekstri þeirra og að starfsemin er leyfis skyld samkvæmt öðrum lögum.

Það er í raun viðurkennt í 1. gr. frumvarpsins að lagasetning um farmflutninga sé óþörf þar sem ráðherra er heimilt með reglugerð að veita almenna undanþágu frá fyrirhuguðum lögum.

Mjög erfitt getur verið að greina á milli farmflutnings í eigin þágu og í atvinnuskyni. Ökutæki bera ekki með sér hvort þau séu í eigu verktaka „sem starfar við annað en flutningsþjónustu“ eða ekki. Eftirlit mun því beinast að öllum flutningum og verður á þann hátt ómarkvisst og dýrt jafnt þeim sem undir það falla og hinum sem verða fyrir eftirliti án þess að starfsemin sé eftirlitsskyld.

Samtökin telja leyfisbindingu takmarkaðs hluta flutningsstarfseminnar í landinu óþarfa. Ekki kemur fram við hvaða vanda sé að etja sem geri nauðsynlegt að setja umrædd ákvæði. Ekkert kemur fram um aukið öryggi frá því sem reglur um farm, aukin ökuréttindi eða almenn ákvæði í umferðarlögum veita.

Samtökin hafa verulegar áhyggjur af því að kostnaður við eftirlit og leyfisveitingar verði óhóflegur enda engin ákvæði sem takmarka þann kostnað sem Samgöngustofa getur lagt út og velt á atvinnulífið. Minnt er á að í gildi eru lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu þar sem hagsmunir neytenda eru í fyrirrúmi.

Virðingarfyllst,



f.h. Samtaka atvinnulífsins



f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



f.h. Samtaka iðnaðarins